

Byggingarfulltrúi  
Seltjarnarnesbær  
Austurströnd 2  
170 Seltjarnarnes



Reykjavík 22. janúar 2017  
UST201611-171/K.S.J.  
10.04.02

## **Efni: Seltjarnarnesbær. Tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015 - 2033**

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Seltjarnarnesbæjar er barst 23. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Seltjarnarnesbæjar 2015 - 2033

### **Samgöngur**

Umhverfisstofnun tekur undir markmið um öflugt samgöngukerfi fyrir alla samgöngumáta og markmið um lágmarks hávaða- og loftmengun, og tekur undir tölusett markmið um hlutdeild vistvænna ferðamáta.

### **Fráveita**

Í greinargerð kemur fram að á Seltjarnarnesi fer óhreinsað skólpi um tvær útrásir á sunnanverðu nesinu. Skólpi fer óhreinsað frá dælustöð I-1 við Lindarbraut og frá dælustöð I-3 við Steinavör við bæjarmörkin. Umhverfisstofnun tekur undir markmið um að öllu skólpi sé beint til hreinsistöðva. Að mati Umhverfisstofnunar eru áætlanir um fyrirhugaðar framkvæmdir í fráveitumálum mikilvægar umbætur í umhverfismálum og því mikilvægt að tímasetja þær sjá reglugerð um fráveitur og skólpi nr. 798/1999.

### **Stígar**

Á Seltjarnarnesi er göngu- og hjólastíganet. Á norðanverðu nesinu er slíkur stígur meðfram ströndinni, en á sunnanverðu nesinu er slíkur stígur að hluta. Frá austanverðri Sandvík að bæjarmörkum er ekki stígur meðfram ströndinni. Á bls. 72 kemur fram að aðgangur að fjörunni skuli vera óheftur en án stíga. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að almenningur geti notið útivistar við göngu við ströndina eftir stígum sjá skipulagsreglugerð nr. 90/2013. gr. 5.3.2.14. Skipulag við vötn, ár og sjó.

### **Seltjarnarnesfjörur og Suðurnes**

Eins og fram kemur í greinargerð eru fjörur kringum Seltjarnarnes frá Bakka að mörkum byggðar við Bygggarða, Suðurnes allt, Kotagrandi, Bakkagrandi og Bakkatjörn á náttúruminjaskrá. Einnig er vitnað í náttúruminjaskrá varðandi mikilvægi svæðisins sem felst í fjölbreyttum fjörum og strandgróðri ásamt sjávartjörnum. Einnig er þar fjölskrúðugt fuglalíf. Þar má jafnframt sjá jarðlög með skeljaleifum frá síðasta hlýskeiði ísaldar og ísaldarlokum, og svæðið hefur mikið útivistargildi. Stofnunin bendir á að skv. 37. gr. laga nr. 60/2013 skal sýna sérstaka aðgæslu gagnvart vistgerðum,

vistkerfum og tegundum á C-hluta náttúruminjaskrár til að koma í veg fyrir að náttúruleg útbreiðslusvæði eða búsvæði minnki og verndarstaða þeirra versni.

Einnig kemur fram í greinargerð að samþykktar hafa verið á Alþingi þingsályktunartillögur um Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og 2009-2013 þar sem fram koma áform um friðlýsingar m.a. fjörur og grunnsævi við Álftanes og Skerjafjörð og norður fyrir Gróttu að Bygggörðum.

Nú þegar hefur Skerjafjörður verið friðlýstur innan Garðabæjar og Kópavogs.

Umhverfisstofnun bendir á að friðlýsing Skerjafjarðar innan bæjarmarka Kópavogs og Garðabæjar er til að vernda búsvæði. Eins og fram kemur í auglýsingu um búsvæðavernd í Skerjafirði hefur Skerjafjarðarsvæðið í heild alþjóðlegt verndargildi vegna farfuglategunda, svo sem rauðbrystings og margæsar en þar er að finna lífríkar þangfjörur, leirur og grunnsævi sem skapa undirstöðu fyrir afar fjölbreytt fuglalíf allan ársins hring. Einnig er svæðið mikilvægt vegna marhálms og sjávarfitjungs sem hafa takmarkaða útbreiðslu hér á landi, en marhálmur er ein aðal fæða margæsar.


Í lok umfjöllunar í greinargerð tillögunnar um fjörur og grunnsævi við Álftanes og Skerjafjörð kemur fram að Seltjarnarnesbær geri ekki ráð fyrir að þessi svæði verði friðlýst innan marka sveitarfélagsins. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að friðlýsing náist þar sem svæðið hefur alþjóðlegt verndargildi vegna farfuglategunda og mikið starf hefur verið unnið við friðlýsingar í Kópavogi og Garðabæ. Umhverfisstofnun telur ekki ásættanlegt að Seltjarnarnes skorist undan friðlýsingu búsvæðis innan sveitarfélagsins og brýnir stofnunin sveitarfélagið til dáða varðandi friðlýsingu svæðisins.


Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að farið verði í úrbætur í fráveitumálum við suðurströnd Seltjarnarness til verndar svæðinu sem er á náttúruminjaskrá sjá 37. gr. laga nr 60/2013 um náttúruvernd.

### Sjóvarnir

Í umfjöllun um efni og helstu stefnumið endurskoðaðs aðalskipulags kemur fram að þörf er á að styrkja sjóvarnargarðana m.a. til að bregðast við hækkandi sjávarstöðu og meiri ákefð í úrkomu og ofsaveðrum. Ekki er fjallað um styrkingu sjóvarnargarða í umhverfisskýrslu. Umhverfisstofnun minnir á að leyfi þarf hjá stofnuninni fyrir slíkum framkvæmdum á svæðum sem eru friðlýst. Einnig minnir stofnunin á að ef framkvæma á, á svæðum á náttúruminjaskrá er skylda að fá umsögn um áætlunina hjá Umhverfisstofnun sjá 37. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri